# Hitaveita Flúða og nágrennis

## Ársreikningur 2023

Hitaveita Flúða og nágrennis
Akurgerði
845 Flúðir

Kt. 500380-0399

# Efnisyfirlit

Bls.


Skýrsla og áritun veitustjórnar, veitustjóra og sveitarstjóra ........ 3

Áritun óháðs endurskoðanda ........ 4

Rekstrarreikningur ........ 6

Efnahagsreikningur ........ 7

Sjóðstreymisyfirlit ........ 8

Skýringar ........ 9

# Skýrsla og áritun veitustjórnar, veitustjóra og sveitarstjóra

Starfsemi hitaveitunnar felst í sölu á orku til íbúa, sumarhúsa, landbúnaðar og annarra fyrirtækja í Hrunamannahreppi og Laxárdal og Skáldabúðum í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Rekstrartekjur veitunnar námu 95,4 millj. kr. á árinu 2023 og hækkuðu um 15,2 millj. kr. milli ára eða um 19%. Hagnaður veitunnar á árinu 2023 nam 10,2 millj. kr.

Eigið fé veitunnar í árslok nam 146,2 millj. kr. (2022: 136,0 millj. kr.) Veitustjórn vísar til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Meðalfjöldi starfsmanna veitunnar á árinu umreiknaður í heilsársstörf (ársverk) var 1,75 (2022: 1,71).

Hitaveita Flúða og nágrennis er í eigu Hrunamannahrepps.

Veitustjórn og veitustjóri Hitaveitu Flúða og nágrennis og sveitarstjóri Hrunamannahrepps hafa í dag rætt ársreikning veitunnar fyrir árið 2023 og staðfest hann með undirritun sinni. Veitustjórn, veitustjóri og sveitarstjóri leggja til við sveitarstjórn að samþykkja ársreikninginn.

Flúðum, 8. apríl 2024.

Veitustjórn:

Bjarney Vignisdóttir

Ragnhildur Stefanía Eyþórsdóttir

KOLBRÚN HARALDSDÓTTIR

Daði Geir Samúelsson

Veitustjóri:

Sveitarstjóri:

# Áritun óháðs endurskoðanda

Til veitustjórnar og eiganda Hitaveitu Flúða og nágrennis.

## Áritun um endurskoðun ársreikningsins

### Álit
Við höfum endurskoðað ársreikning Hitaveitu Flúða og nágrennis („hitaveitan") fyrir árið 2023. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu hitaveitunnar 31. desember 2023 og afkomu hennar og breytingu á handbæru fé á árinu 2023, í samræmi við lög um ársreikninga.

### Grundvöllur álits
Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð hitaveitunni í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

### Ábyrgð veitustjórnar og veitustjóra á ársreikningnum
Veitustjórn og veitustjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber veitustjórn og veitustjóra að leggja mat á rekstrarhæfi hitaveitunnar og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa hitaveituna upp eða hætta starfsemi hennar, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Veitustjórn og veitustjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins
Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits hitaveitunnar.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

**Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins, frh.:**

- Ályktum við um hvort notkun veitustjórnar og veitustjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi hitaveitunnar. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert hitaveituna órekstrarhæfa.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum veitustjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

## Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu veitustjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Selfossi, 8. apríl 2024.

***KPMG ehf.***

Friðrik Einarsson

# Rekstrarreikningur árið 2023

| | Skýr. | 2023 | 2022 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | |
| Selt heitt vatn | | 85.027.772 | 73.829.669 |
| Aðrar tekjur | 9 | 10.323.017 | 6.307.787 |
| | | 95.350.789 | 80.137.456 |
| **Rekstrargjöld** | | | |
| Rekstur veitukerfa | | 19.116.755 | 17.981.630 |
| Laun og launatengd gjöld | 10 | 26.157.425 | 24.606.320 |
| Annar rekstrarkostnaður | | 9.622.335 | 11.083.669 |
| Afskriftir | 12 | 14.457.278 | 14.700.061 |
| | | 69.353.793 | 68.371.680 |
| Rekstrarhagnaður fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld | | 25.996.996 | 11.765.776 |
| **Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld** | | | |
| Vaxtatekjur | | 514.400 | 522.247 |
| Vaxtagjöld | | ( 10.220.417) | ( 11.221.604) |
| | | ( 9.706.017) | ( 10.699.357) |
| Hagnaður fyrir tekjuskatt | | 16.290.979 | 1.066.419 |
| Tekjuskattur | 11 | ( 6.125.408) | ( 400.974) |
| **Hagnaður ársins** | 15 | 10.165.571 | 665.445 |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2023

| | Skýr. | 2023 | 2022 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 12 | 251.879.697 | 236.766.214 |
| Fyrirframgreiddur kostnaður | 13 | 1.198.134 | 1.255.114 |
| Fastafjármunir | | 253.077.831 | 238.021.328 |
| | | | |
| Viðskiptakröfur | 14 | 22.439.706 | 19.554.548 |
| Kröfur á tengda aðila | | 5.546.446 | 4.815.823 |
| Fyrirframgreiddur kostnaður | 13 | 56.980 | 56.980 |
| Aðrar skammtímakröfur | | 91.490 | 676.665 |
| Handbært fé | | 2.813.023 | 6.423.065 |
| Veltufjármunir | | 30.947.645 | 31.527.081 |
| | | | |
| **Eignir samtals** | | 284.025.476 | 269.548.409 |
| | | | |
| **Eigið fé** | | | |
| Óráðstafað eigið fé | | 146.212.143 | 136.046.572 |
| Eigið fé | 15 | 146.212.143 | 136.046.572 |
| | | | |
| **Skuldir** | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | 16 | 90.870.284 | 90.280.679 |
| Tekjuskattsskuldbinding | 14 | 22.984.318 | 16.858.910 |
| Langtímaskuldir | | 113.854.602 | 107.139.589 |
| | | | |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | 16 | 6.637.333 | 6.101.553 |
| Viðskiptaskuldir | | 7.317.101 | 12.272.791 |
| Skuldir við tengda aðila | | 6.124.962 | 5.647.289 |
| Aðrar skammtímaskuldir | | 3.879.335 | 2.340.615 |
| Skammtímaskuldir | | 23.958.731 | 26.362.248 |
| | | | |
| Skuldir samtals | | 137.813.333 | 133.501.837 |
| | | | |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 284.025.476 | 269.548.409 |

# Sjóðstreymisyfirlit árið 2023

| | Skýr. | 2023 | 2022 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Hagnaður ársins | 15 | 10.165.571 | 665.445 |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Söluhagnaður varanlegra rekstrarfjármuna | | ( 1.527.000) | 0 |
| Afskriftir | 12 | 14.457.278 | 14.700.061 |
| Áfallnar verðbætur langtímalána | | 7.463.233 | 8.476.656 |
| Frestaður tekjuskattur, breyting | 14 | 6.125.408 | 400.974 |
| Veltufé frá rekstri | | 36.684.490 | 24.243.136 |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum: | | | |
| Fyrirframgreiddur kostnaður, breyting | 13 | 56.980 | 56.980 |
| Skammtímakröfur, (hækkun) lækkun | | ( 2.299.983) | 4.385.661 |
| Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun | | ( 3.416.970) | 543.584 |
| Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda | | ( 5.659.973) | 4.986.225 |
| Handbært fé frá rekstri | | 31.024.517 | 29.229.361 |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | | |
| Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum | 12 | ( 30.043.761) | ( 30.361.243) |
| Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna | | 2.000.000 | 0 |
| Kröfur á tengda aðila, breyting | | ( 730.623) | ( 177.930) |
| Fjárfestingarhreyfingar | | ( 28.774.384) | ( 30.539.173) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Afborganir langtímaskulda | | ( 6.337.848) | ( 5.786.449) |
| Skuldir við tengda aðila, breyting | | 477.673 | 643.436 |
| Fjármögnunarhreyfingar | | ( 5.860.175) | ( 5.143.013) |
| **Lækkun á handbæru fé** | | ( 3.610.042) | ( 6.452.825) |
| **Handbært fé í ársbyrjun** | | 6.423.065 | 12.875.890 |
| **Handbært fé í árslok** | | 2.813.023 | 6.423.065 |

# Skýringar

**1. Hitaveitan**

Hitaveita Flúða og nágrennis er stofnun sveitarfélags í eigu Hrunamannahrepps og er lögheimili þess í Akurgerði á Flúðum. Starfsemi félagsins felst í framleiðslu, dreifingu og sölu á heitu vatni.

**Reikningsskilaaðferðir**

**2. Grundvöllur reikningsskilanna**

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum. Ársreikningurinn er gerður og birtur í íslenskum krónum. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

**3. Innlausn tekna**

Tekjur af vörusölu eru færðar í rekstrarreikning þegar eignarhald flyst til kaupanda, sem alla jafna er við afhendingu vara. Tekjur af þjónustu eru færðar í rekstrarreikning í hlutfalli við stöðu verks á uppgjörsdegi. Staða verks er metin með hliðsjón af vinnu sem lokið er. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra, tengdan kostnað eða að vörunni verði mögulega skilað.

**4. Varanlegir rekstrarfjármunir**

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum og virðisrýrnun. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

| | |
|---|---|
| Fasteignir ........................................................................ | 25 ár |
| Bifreiðar, tæki og búnaður ........................................................ | 7 - 10 ár |
| Borholur, lagnir og tengivirki .................................................... | 7 - 25 ár |

**5. Fyrirframgreiddur kostnaður**

Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs vegna uppgjörs A-deildar á árinu 2018 er færð til eignar og er framlag í lífeyrisaukasjóð gjaldfært á 30 árum en framlag í varúðarsjóð á 20 árum til samræmis við ákvæði reglugerðar nr. 1212/2015 um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga.

**6. Viðskiptakröfur**

Viðskiptakröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign veitunnar, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapsáhættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðskiptakröfum í efnahagsreikningi.

**7. Handbært fé**

Handbært fé samanstendur af óbundnum bankainnstæðum og innstæðum sem bundnar eru til skemmri tíma en þriggja mánaða.

**8. Tekjuskattsskuldbinding**

Frestaður tekjuskattur er færður vegna tímabundinna mismuna á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikningnum annars vegar og skattverði þeirra hins vegar. Útreikningur á frestuðum tekjuskatti byggist á því skatthlutfalli sem vænst er að verði í gildi þegar tímabundinn mismunur kemur til með að snúast við, miðað við gildandi lög á uppgjörsdegi.

Skatteign vegna yfirfæranlegs taps er einungis færð að því marki sem líklegt er talið að skattskyldur hagnaður verði til ráðstöfunar í framtíðinni sem unnt verður að nýta skattalega tapið á móti. Skatteign er metin á hverjum uppgjörsdegi og lækkuð að því marki sem talið er líklegt að hún nýtist ekki. Tekjuskattshlutfall veitunnar er 37,6%.

## 9. Aðrar tekjur

Aðrar tekjur greinast þannig:

| | 2023 | 2022 |
|---|---|---|
| Söluhagnaður | 1.527.000 | 0 |
| Seld þjónusta | 713.456 | 1.263.456 |
| Heimtaugagjald | 4.342.125 | 2.394.797 |
| Seld þjónusta bifreiða | 3.740.436 | 2.649.534 |
| Aðrar tekjur samtals | 10.323.017 | 6.307.787 |

## 10. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

| | 2023 | 2022 |
|---|---|---|
| Laun | 20.938.581 | 19.434.064 |
| Mótframlag í lífeyrissjóð | 2.764.917 | 2.564.510 |
| Önnur launatengd gjöld | 2.319.834 | 2.131.976 |
| Áfallið orlof, breyting | 77.113 | 418.790 |
| Framlag í Lífeyrissjóðinn Brú | 56.980 | 56.980 |
| Laun og launatengd gjöld samtals | 26.157.425 | 24.606.320 |
| | | |
| Ársverk | 1,75 | 1,71 |

## 11. Tekjuskattur

Gjaldfærður tekjuskattur í rekstrarreikningi greinist þannig:

| | 2023 | 2022 |
|---|---|---|
| Breyting á tekjuskattsskuldbindingu | 6.125.408 | 400.974 |
| Tekjuskattur færður í rekstrarreikning | 6.125.408 | 400.974 |

| Virkt skatthlutfall: | 2023 | | 2022 | |
|---|---|---|---|---|
| Hagnaður fyrir tekjuskatt | | 16.290.979 | | 1.066.419 |
| Tekjuskattur miðað við gildandi skatthlutfall | 37,6% | 6.125.408 | 37,6% | 400.974 |
| Tekjuskattur færður í rekstrarreikning | 37,6% | 6.125.408 | 37,6% | 400.974 |

## 12. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir félagsins greinast þannig:

| | Fasteignir | Bifreiðar, tæki og búnaður | Borhola, lagnir og tengivirki | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Heildarverð 1.1.2022 | 5.542.266 | 56.150.553 | 255.119.918 | 316.812.737 |
| Viðbót á árinu | 0 | 0 | 30.361.243 | 30.361.243 |
| Selt og niðurlagt á árinu | 0 | ( 7.776.892) | 0 | ( 7.776.892) |
| Heildarverð 31.12.2022 | 5.542.266 | 48.373.661 | 285.481.161 | 339.397.088 |
| Viðbót á árinu | 0 | 0 | 30.043.761 | 30.043.761 |
| Bifreið færð út | 0 | ( 4.730.000) | 0 | ( 4.730.000) |
| Heildarverð 31.12.2023 | 5.542.266 | 43.643.661 | 315.524.922 | 364.710.849 |
| | | | | |
| Afskrifað samtals 1.1.2022 | 4.510.113 | 36.718.250 | 54.479.342 | 95.707.705 |
| Afskriftir færðar út við sölu | 0 | ( 7.776.892) | 0 | ( 7.776.892) |
| Afskriftir ársins | 221.691 | 5.285.582 | 9.192.788 | 14.700.061 |
| Afskrifað samtals 31.12.2022 | 4.731.804 | 34.226.940 | 63.672.130 | 102.630.874 |
| Afskriftir færðar út vegna bifreiðar | 0 | ( 4.257.000) | 0 | ( 4.257.000) |
| Afskriftir ársins | 221.691 | 3.828.349 | 10.407.238 | 14.457.278 |
| Afskrifað samtals 31.12.2023 | 4.953.495 | 33.798.289 | 74.079.368 | 112.831.152 |
| | | | | |
| Bókfært verð 31.12.2022 | 810.462 | 14.146.721 | 221.809.031 | 236.766.214 |
| Bókfært verð 31.12.2023 | 588.771 | 9.845.372 | 241.445.554 | 251.879.697 |
| | | | | |
| Afskriftahlutföll | 4% | 10%-15% | 4%-15% | |

### Fasteignamat og vátryggingarverðmæti

Fasteignamat og vátryggingarverðmæti greinist þannig:

| | Fasteigna-mat | Brunabóta-mat | Vátryggingar-verðmæti |
|---|---|---|---|
| Fasteignir | 74.340.000 | 218.700.000 | 254.900.000 |
| Veitumannvirki | - | - | 1.375.698.014 |
| Lausafjármunir | - | - | 70.136.779 |
| Samtals | 74.340.000 | 218.700.000 | 1.700.734.793 |

## 13. Fyrirframgreiddur kostnaður

Fyrirframgreidd framlög vegna uppgjörs við Brú lífeyrissjóð á árinu 2018 eru færð til eignar í efnahagsreikningi sem fyrirframgreiddur kostnaður. Sá hluti sem verður gjaldfærður á árinu 2022 er færður meðal veltufjármuna, en það sem kemur til gjaldfærslu síðar er fært meðal fastafjármuna. Gjaldfærslur vegna uppgjörsins eru færðar meðal launa og launatengdra gjalda í rekstrarreikningi.

Gjaldfærslur vegna uppgjörsins og staða fyrirframgreiðslunnar greinast þannig árinu:

| | Lífeyrisauka-sjóður | Varúðar-sjóður | Samtals |
|---|---|---|---|
| Staða fyrirframgreiðslu í ársbyrjun | 1.197.949 | 114.146 | 1.312.095 |
| Gjaldfært á árinu | ( 49.063) | ( 7.918) | ( 56.980) |
| Staða fyrirframgreiðslu í árslok | 1.148.886 | 106.229 | 1.255.115 |

Fyrirframgreiðsla greinist þannig í efnahagsreikningi:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Næsta árs gjaldfærsla, færð meðal veltufjármuna | 49.063 | 7.917 | 56.980 |
| Langtímahluti fyrirframgreiðslu | 1.099.823 | 98.311 | 1.198.134 |
| Samtals í efnahagsreikningi | 1.148.886 | 106.228 | 1.255.115 |

## 14. Niðurfærsla viðskiptakrafna

| Niðurfærsla viðskiptakrafna greinist þannig: | 2023 | 2022 |
|---|---|---|
| Niðurfærsla í ársbyrjun | 500.000 | 500.000 |
| Niðurfærsla í árslok | 500.000 | 500.000 |

## 15. Eigið fé

| | Óráðstafað eigið fé |
|---|---|
| Eigið fé 1.1.2022 | 135.381.128 |
| Hagnaður ársins | 665.445 |
| Eigið fé 31.12.2022 | 136.046.572 |
| Hagnaður ársins | 10.165.571 |
| Eigið fé 31.12.2023 | 146.212.143 |

## 16. Skuldir við lánastofnanir

| Skuldir við lánastofnanir greinast þannig: | 2023 | 2022 |
|---|---|---|
| Verðtryggðar skuldir í ISK | 97.507.617 | 96.382.232 |
| Skuldir við lánastofnanir samtals | 97.507.617 | 96.382.232 |
| Næsta árs afborganir langtímalána | ( 6.637.333) | ( 6.101.553) |
| Skuldir við lánastofnanir samkvæmt efnahagsreikningi | 90.870.284 | 90.280.679 |

Afborganir skulda við lánastofnanir greinast þannig á næstu ár:

| | | |
|---|---|---|
| Afborganir árið 2024/2023 | 6.637.333 | 6.101.553 |
| Afborganir árið 2025/2024 | 6.685.325 | 6.145.394 |
| Afborganir árið 2026/2025 | 6.733.967 | 6.189.829 |
| Afborganir árið 2027/2026 | 6.783.267 | 6.234.865 |
| Afborganir árið 2028/2027 | 6.833.236 | 6.280.512 |
| Síðar | 63.834.489 | 65.430.079 |
| Afborganir langtímalána samtals | 97.507.617 | 96.382.232 |

### Veðsetning

Sveitarfélagið hefur veitt Lánasjóði sveitarfélaga veð í staðgreiðslutekjum fyrir skuldum veitunnar að eftirstöðvum að fjárhæð 97,5 millj. kr. í árslok 2023.

## 14. Tekjuskattsskuldbinding

| Tekjuskattsskuldbinding greinist þannig: | 2023 | 2022 |
|---|---|---|
| Tekjuskattsskuldbinding í ársbyrjun | 16.858.910 | 16.457.936 |
| Reiknaður tekjuskattur færður í rekstrarreikning | 6.125.408 | 400.974 |
| Tekjuskattsskuldbinding í árslok | 22.984.318 | 16.858.910 |

Tekjuskattsskuldbinding skiptist þannig í árslok:

| | | |
|---|---|---|
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 25.399.262 | 21.695.809 |
| Viðskiptakröfur | ( 188.000) | ( 188.000) |
| Yfirfæranlegt skattalegt tap | ( 2.226.944) | ( 4.648.899) |
| Tekjuskattsskuldbinding í árslok | 22.984.318 | 16.858.910 |

Á árinu 2024 hækkar tekjuskattshlutfall hitaveitunnar tímabundið í 38,4%. Áhrif þess á tekjuskattsskuldbindingu hitaveitunnar eru metin óveruleg og eru því ekki færð í ársreikninginn.

## 17. Yfirfæranlegt skattalegt tap

Ójafnað skattalegt tap í árslok 2023 nam 5,9 millj. kr. Yfirfæranlegt skattalegt tap sem ekki nýtist á móti hagnaði innan tíu ára frá því að það myndast fellur niður. Yfirfæranlegt skattalegt tap í árslok 2023 er nýtanlegt sem hér segir:

| | 2023 | 2022 |
|---|---|---|
| Skattalegt tap ársins 2019, nýtanlegt til ársloka 2029 | 0 | 2.629.460 |
| Skattalegt tap ársins 2021, nýtanlegt til ársloka 2031 | 0 | 3.378.846 |
| Skattalegt tap ársins 2022, nýtanlegt til ársloka 2032 | 5.922.724 | 6.355.786 |
| Ójafnað skattalegt tap samtals | 5.922.724 | 12.364.092 |

## 18. Önnur mál

Þann 15. janúar 2018 var gengið frá vatnssölusamningi við Flúðaorku ehf. um nýtingu á umframhita úr Kópsvatnsholu til raforkuframleiðslu. Í tengslum við verkefnið var á árinu 2018 reist stöðvarhús á lóðinni við holuna og sá Flúðaorka ehf. um þá framkvæmd og greiðslur vegna hennar. Hitaveita Flúða er eigandi stöðvarhússins, en við verklok þann 30. ágús 2019 var gengið frá uppgjöri framkvæmdakostnaðar og leigusamningi milli Hitaveitu Flúða og Flúðaorku ehf. til 29 ára. Umsamið leigugjald fyrir leigutímann nemur 44,3 millj. kr. sem er jafnt framkvæmdakostnaði stöðvarhússins og var að fullu uppgert við verklok.

Leigusamningur þessi er skilgreindur sem fjármögnunarleigusamningur og var færður hjá leigusala (hitaveitunni), sem krafa sem nam núvirði umsaminna leigugreiðslna á árinu 2019. Þar sem umsamdar leigugreiðslur voru inntar af hendi við uppgjörið, komu þær til lækkunar á kröfunni, sem leiddi til þess að ekkert var fært, hvorki í rekstrarreikningi né efnahagsreikningi, vegna framangreinds samnings.

Leigutími er ótímabundinn frá 1. september 2019 og er óuppsegjanlegur fyrstu 29 árin, þ.e. til 1. september 2048. Framlengist ofangreindur vatnssölusamningur um 10 ár, að 30 ára gildistíma sínum liðnum, skal leigusamningurinn einnig vera óuppsegjanlegur á hinum ramlengda gildistíma.

# Sundurliðanir

| Rekstur veitukerfa | 2023 | 2022 |
|---|---|---|
| **Rekstur bifreiðar** | | |
| Eldsneyti | 453.508 | 515.857 |
| Viðhald | 152.186 | 185.990 |
| Tryggingar og bifreiðagjöld | 570.649 | 789.686 |
| Ýmis rekstrarkostnaður | 26.113 | 26.258 |
| | 1.202.456 | 1.517.791 |
| **Rekstur véla og tækja** | | |
| Tryggingar og bifreiðagjöld | 256.185 | 317.141 |
| Gjaldfærð áhöld og tæki | 191.444 | 789.061 |
| | 447.629 | 1.106.202 |
| **Leiga heitavatnsréttinda** | | |
| Hrunamannahreppur | 2.356.272 | 2.141.299 |
| Kópsvatn | 2.027.380 | 1.533.370 |
| | 4.383.652 | 3.674.669 |
| **Rekstur Rafstöðva** | | |
| Viðhald, efni | 0 | 84.119 |
| | 0 | 84.119 |
| **Rekstur dælustöðva** | | |
| Rafmagn | 5.993.035 | 5.044.881 |
| Aðkeypt sérfræðiþjónusta | 20.700 | 0 |
| Viðhald, efni | 747.013 | 410.296 |
| Viðhald, aðkeypt vinna | 90.595 | 88.824 |
| Húsaleiga | 210.454 | 209.624 |
| Tryggingar | 26.495 | 48.178 |
| Fasteignagjöld | 54.120 | 48.840 |
| | 7.142.412 | 5.850.643 |
| **Rekstur borhola** | | |
| Aðkeypt vinna | 0 | 28.200 |
| Tryggingar | 91.156 | 99.983 |
| Fasteignagjöld | 201.889 | 181.870 |
| | 293.045 | 310.053 |
| **Rekstur stofnæða** | | |
| Viðhald | 1.058.276 | 1.448.398 |
| | 1.058.276 | 1.448.398 |
| **Rekstur heimtauga** | | |
| Viðhald | 0 | 101.270 |
| | 0 | 101.270 |
| **Rekstur áhaldahúss** | | |
| Rekstrarvörur | 371.060 | 30.942 |
| Fasteignagjöld | 507.736 | 464.480 |
| Tryggingar | 183.962 | 115.299 |
| Rafmagn og hiti | 260.286 | 298.995 |
| Ýmis rekstrarkostnaður | 2.446 | 2.803 |
| | 1.325.490 | 912.519 |
| **Rekstur mæla** | | |
| Ýmis rekstrarkostnaður | 3.263.795 | 2.975.966 |
| | 3.263.795 | 2.975.966 |
| **Rekstur veitukerfa samtals** | 19.116.755 | 17.981.630 |

# Sundurliðanir

| | 2023 | 2022 |
|---|---|---|
| **Selt heitt vatn** | | |
| Selt heitt vatn til sumarhúsa | 17.818.549 | 16.442.644 |
| Selt heitt vatn til íbúðarhúsa | 21.557.331 | 19.124.313 |
| Selt heitt vatn til gróðurhúsa | 23.758.494 | 19.242.234 |
| Selt heitt vatn til iðnaðar | 19.755.880 | 17.378.757 |
| Selt heitt vatn til annarra veitna | 110.138 | 108.351 |
| Tekjur vegna Kópsvatns | 2.027.380 | 1.533.370 |
| | 85.027.772 | 73.829.669 |

| | 2023 | 2022 |
|---|---|---|
| **Annar rekstrarkostnaður** | | |
| Tryggingar | 275.140 | 925.096 |
| Sími | 115.203 | 94.020 |
| Póstburðagjöld | 27.891 | 22.103 |
| Ferða og flutningskostnaður | 41.905 | 69.300 |
| Prentun | 39.221 | 19.116 |
| Tölvukostnaður | 2.035.522 | 1.881.183 |
| Innheimtukostnaður | 410.250 | 349.109 |
| Auglýsingar | 0 | 5.000 |
| Lögfræði- og verkfræðikostnaður | 0 | 364.875 |
| Endurskoðun og önnur sérfræðiþjónusta | 2.143.402 | 2.504.885 |
| Ráðstefnur og fundir | 169.418 | 362.550 |
| Þátttaka í stjórnun og tæknisviði | 2.750.600 | 2.558.698 |
| Húsaleiga | 964.804 | 897.492 |
| Keypt þjónusta til endursölu | 10 | 131.541 |
| Keyptar vörur til endursölu | 0 | 211.278 |
| Félags- og eftirlitsgjöld | 296.949 | 342.249 |
| Gjafir og styrkir | 158.200 | 152.500 |
| Annar kostnaður | 6.381 | 192.674 |
| | 9.622.335 | 11.083.669 |